

Reglugjörð

69

um refaveiðar í vesturhluta Þingeyjarsýslu.

Amtsráðið í Norðuramtinu

Gjörir kunnugt: Samkvæmt lögum 22. marz 1890, um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda, er hjermeð staðfest og löggilt eptirfylgjandi reglugjörð um refaveiðar í Suður-Þingeyjarsýslu og Kelduneshrepp í Norður-Þingeyjarsýslu, sem sýslunefndin í Suður-Þingeyjarsýslu hefir samið og sýslunefndin í Norður-Þingeyjarsýslu samþykkt að því leyti, er snertir Kelduneshrepp, og skal reglugjörðin öðlast gildi 1. jan. 1894.

1. gr.

Hreppsnefndir hafa alla stjórn og umsjón refaveiða, hver í sínum hreppi og útvega refaskyttur, en kjósa mega þær einn mann úr sínum flokki til að hafa á hendi alla framkvæmd refaveiðanna, og nefnist hann refaveiðastjóri.

2. gr.

Hver búandi er skyldur að leita grenja í heimalandi ábylisjarðar sinnar á hverju vori, en sje land hans notað til uppreksturs fyrir lömb eða geldfje, samkvæmt 4. gr. fjallskilareglugjörðarinnar, getur hann kvatt þá, er reka í land hans, til leitarinnar með sjer. Hreppsnefndir skulu sjá um grenjaleitir í afrjettum, og kvedja til leitanna svo marga menn, sem þurfa þykir í hvert skipti fyrir hæfilega borgun.

3. gr.

Nú finnst gren í afrjett eða heimalandi, er refar hafa lagzt í, og skal tafarlaust skýra refaveiðastjóra frá því eða skotmanni, ef hann er nær. Skal skotmaður jafnskjótt leggjast á grenið, en ávallt skal einn leitarmaður geyma grensins, þar til skotmaður kemur á það.

4. gr.

Brot á móti 2. og 3. gr. varðar 10—30 kr. sekt. Nú liggja lönd tveggja hreppa saman, og finnst gren á landamærum eða nálægt þeim, og verður ágreiningur um. Sker þá sýslunefnd úr þrætunni.

5. gr.

Nú finnst gren, er refar hafa lagzt í, annaðhvort í afrjetti eða heimalandi, án þess í leit sje, og er þá finnandi skyldur að skýra næsta búanda frá því. En búandi sá skal tafarlaust tilkynna það næsta skotmanni eða refaveiðastjóra þeim, er hlut á að máli. Ber honum slik borgun fyrir ómak sitt, sem fyrir er mælt í 2. gr.

6. gr.

Skotmaður er skyldur að fara tafarlaust á gren það, er honum er vísað til, og skal fá annan mann á grenið honum til aðstoðar.

7. gr.

Eigi má skotmaður umróta greni meira en nauðsyn krefur, en bræla má hann það og eittra, til að ná hvolpum, verði þeim eigi náð á annan hátt.

10. dag ágústmán. 1893.

69

8. gr.

Jafnskjótt sem skotmaður er kominn af greni, skal hann skýra refaveiðastjóra frá, hvað lengi hann hefur á greni legið, og hvað unnið, og færa nægar sannanir fyrir. Brjóti skotmaður þær reglur, sem honum eru settar, eða sýni vanrækt eða skeytingarleysi við störf sín, hefir hann fyrirgjört því endurgjaldi, er honum annars ber, að nokkru eða öllu leyti.

9. gr.

Skotmaður fær í laun 3 kr. fyrir hvern sólarhring, sem hann er frá heimili sínu að grenjavinningum, en aðstoðarmaður hans 2 kr. Svo fá þeir og hæfilegt endurgjald fyrir fararskjóta, til og frá greni, eptir mati hreppsnefndar.

10. gr.

Fyrir alla refi, hvort heldur þeir eru teknir í boga, skotnir við æti, eða á víðavangi, sem og fyrir hinn fyrsta ref skotinn við greni, greiðast verðlaun 3 kr., en 6 kr. fyrir seinni dýrin á hverju greni. Fyrir hvern hvölp sjeu greiddir 50 aurar.

11. gr.

Nú leggst bitvargur á fje manna, annaðhvort á afrjettum eða heimalöndum, og skal refaveiðastjóri á hverjum tíma árs sem er, fá skotmann til að eyða þeim bitvargi fyrir ákveðið dagkaup. Heimilt er og hreppsnefnd að heita ákveðnum verðlaunum fyrir að vinna bitvarg þegar svo á stendur.

12. gr.

Refaveiðastjórar skulu gangast fyrir því, að eitrad agn sje borið út fyrir refi á hverju ári, svo mikið og á svo mörgum stöðum, sem þurfa þykir, Vanræki refaveiðastjórar þetta, varðar það sektum eptir 4. gr.

13. gr.

Nú liggja afrjettir eða heimalönd tveggja eða fleiri hreppa saman, og skulu þá refaveiðastjórar þeirra hreppa koma sjer saman um, hvernig útburði skal haga í þeim löndum, er saman liggja. Náist eigi samkomulag, sker sýslu-nefnd úr.

14. gr.

Refaveiðastjóri semur skrá um öll þau gren, er liggja innan takmarka hreppsins, með stuttri lýsingu um legu þeirra og afstöðu. Finnist ný gren, skal og bæta þeim við skrána. Rita skal skrá þessa í refaveiðabók hreppsins.

15. gr.

Hver hreppsnefnd hefir sjerstaka refaveiðabók, og skal rita í hana, auk skýrslna þeirra, sem nefndar eru í þessari reglugjörð, alla refaveiðakostnaðarreikninga, þá er þeir hafa verið rannsakaðir og samþykktir.

Sjerstakar ákvarðanir,

sem gilda á svæðinu millum Jökulsár í Axarfirði og Skjálfafljóts, samþykktar á fulltrúafundi af öllum hlutaðeigandi hreppum.

16. gr.

69

Á svæðinu milli Jökulsár í Axarfirði og Skjálfafljóts skulu öll verðlaun fyrir dráp á refum og borgun fyrir eitur og eiturefni til refadráps greiddast að rjettri tiltölu (sbr. 18. gr.) af Kelduness, Húsavíkur, Helgastaða, Skútustaða og Ljósavatnshrepp austan Skjálfafljóts, þannig, að jafnt gjald sje lagt á hverja kind eptir fjárframtali allra fjáreiganda á vorhreppamótum árlega.

17. gr.

Allur refaveiðakostnaður, sem eigi er talinn í 16. gr., greiðist eins og að undanfögnu af hlutaðeigandi hreppssjóði.

18. gr.

Refaveiðastjórnarnir í hreppunum á svæðinu millum Jökulsár og Skjálfafljóts skulu í sameiningu hafa á hendi alla framkvæmd, er þessar sjerstöku ákvarðanir útheimta með tilliti til refaveiðanna, og skulu þeir árlega kjósa einn mann úr sínum flokki, sem aðalframkvæmdarstjóra. Skulu refaveiðastjórnarnir á árlegum fundum sínum ákveða, hve miklu fje verja skuli til eitrunar fyrir refi, á hinu umrædda svæði, og hvernig. Þeir skulu og skipta hinum árlega sameiginlega kostnaði á hreppana eptir fjártalsskýrslum frá hreppsnefndunum. Þessu starfi skulu þeir hafa lokið fyrir 20. október ár hvert.

Amtsráð Norðuramtsins, 15. dag júnímán. 1893.

J. Havsteen. B. G. Blöndal. Árni Jónsson. M. Sigurðsson. Ólafur Briem.

Skýrsla

70

um aðalfund amtsráðsins í Norðuramtinu 14.—16. júní 1893.

Ár 1893, miðvikudaginn 14. júní, var aðalfundur amtsráðs Norðuramtsins settur á Akureyri, og haldinn af amtmanni J. Havsteen, forseta ráðsins, ásamt amtsráðsmönnum Benidikt umboðsmanni Blöndal í Hvammi, Ólafi umboðsmanni Briem á Álfgeirsvöllum, Magnúsi óðalsbónda Sigurðssyni á Grund og prófasti síra Árna Jónssyni á Skútustað, vara-amtsráðsmanni, sem mætti í forföllum Einars umboðsmanns Ásmundssonar í Nesi.

Þessi mál komu til umræðu á fundinum:

1. Framlagður var reikningur yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Norðuramtsins 1892 með fylgiskjölum. Við reikning þennan fannst ekkert að athuga, og var hann því samþykktur.
2. Framlagðir voru til rannsókna eptirfylgjandi reikningar yfir tekjur og gjöld ýmsra sjóða fyrir 1892:
 - a. Búnaðarsjóðs Norðuramtsins;
 - b. Styrktarsjóðs fátækra ekkna og munaðarlausra barna í Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstað, og
 - c. Prentsmiðjusjóðs Norðuramtsins.

Reikningar þessir voru endurskoðaðir, og ekkert að reikningunum a. og b. fundið, en að því leyti, er snertir reikninginn c., þá hafði fyrrum sýslumaður í Eyjafjarðarsýslu St. Thorarensen eigi fullnægt úrskurði amtsráðs-